

Alþingi

Erindi nr. Þ 121 / 1108

komudagur 18 13 1997

Allherjarnefnd Alþingis
Sólveig Pétursdóttir alþm. og formaður.
Nefndasvið Alþingis, Þórshamri v/ templarasund,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um útsend lagafrumvörp, þ.e. frumvarp t.l. um stöðu, stjórn og sarsfhætti þjóðkirkjunnar, 301. mál og um biskupskosningu, 302. mál.

Sóknarnefnd Flateyrarsóknar í Holtsprestakalli í Önundarfirði kom saman fimmtudaginn 13. þ.m. og afgreiddi erindið samhljóða á eftirfarandi hátt. 7


1. Að því er varðar 301. mál um stöðu þjóðkirkjunnar leggur nefndin til að síðari málsgrein 39. greinar verði breytt til þess forms sem ákveðið var í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna


Nefndin telur að svo nefndri fimm ára reglu, sem lögfest var á síðasta ári, hafi víðast verið vel tekið af sóknarbörnum og sé líkleg til að bæta samskipti þeirra við prest sinn. Ennfremur veiti það vissa öryggiskennd að vita að til sé útleið á fimm árafresti ef illa fer. Við aðrar greinar frumvarpsins gerir sóknarnefndin engar athugasemdir, enda hæpið að hún hafi efnislegar forsendur til að brjóta þær allar til mergjar.

2. Nefndin gerir engar athugasemdir við 302. mál um biskupskosningar.

Virðingarfyllt

Flateyri 16. mars 1996.


Gunnlaugur Finnsson
formaður.


Þorbjörg Sigþórsdóttir
ritari.